

Alþingi

Erindi nr. Þ 112 / 1970

komudagur 24 / 04 1990

21.04. 1990.

Boðsent.

Til Alsherjarnefndar Alþingis
Alþingishúsinu
Reykjavík.

Þjóðleikhúsið, viðgerðir, viðhald og breytingar.

Inngangur.

Við erum ekki sérfræðingar í neinum þeim greinum, sem málefni Þjóðleikhússins varðar og tökum til máls í þessu formi einvörðungu, sem velunnarar stofnunarinnar og leiklistarinnar og raunar allra lista.

Engan þarf að undra, þótt leikhúsgestir og skattborgarar yfirleitt láti sig málefni Þjóðleikhússins nokkru varða. Til þess að tefja sem minnst fyrir er rétt að snúa sér strax að efni þessa erindis.

Viðgerðir og viðhald.

Hér verður ekkert rætt um viðgerðir og viðhald Þjóðleikhússins enda gengið út frá því sem gefnum hlut, að húsinu verði sem fyrst forðað frá frekari skemmdum vegna viðgerða- og viðhaldsskorts undanfarnar ára raðir.

Breytingar á hugverkum listamanna.

Því miður getum við ekki á grundvelli faglegrar þekkingar fjallað um þær breytingar, sem fyrirhugaðar eru á áhorfendasal Þjóðleikhússins. Þótt svo sé viljum við samt láta í okkur heyra um þessi efni og benda á fáein atriði, sem valda okkur áhyggjum í þessum efnum:

1) Yfirleitt orkar það tvímælis í meira lagi að breyta hugverkum listamanna án samráðs við þá sjálfa. Hvar eru mörkin fyrir slíkri starfsemi stjórnálamanna? Mættu þeir kannski breyta verkum Ásgríms, Jóns Stefánssonar eða Kjarvals vegna þess að þeim falla ekki litir og form? Hvað um bókmenntir, höggmyndalist og tónlist? Erum við, sem nú göngum hér um götur og torg þess umkomin að bæta hugverk þeirra sem á undan fóru - og hvað eru bætur á list?

2) Sem áhorfendur í Þjóðleikhúsinu höfum við undanfarna áratugi aldrei fundið fyrir því, að gerð áhorfendasvæðisins væri okkur til trafala í þeim efnum að njóta sem best leiksýninga.

Aftur á móti þykjumst við iðulega hafa veitt því athygli að hljómburður bæði hins talaða orðs svo og tónlistar sé með besta móti í Þjóðleikhúsinu. Eru þeir, sem nú ætla að ganga á milli bols og höfuðs á áhorfendasal Þjóðleikhússins vissir um að hljómburður hússins verði jafn góður eftir fyrirhugaðar

breytingar eins og hann er nú? Auðvitað er það ákaflega mikilvægt, að allir sjái sem best það sem fram fer á sviðinu. En það er gríðarleg einföldun á flóknu máli að ímynda sér, að það atriði eitt sé allra meina bót að breyta sætafyrirkomulaginu. Frá okkar sjónarmiði er hljómburður í leikhúsinu a.m.k. eins mikilvægur og sætaskipan.

3) Fyrir utan það, að margar og kærar minningar eru við Þjóðleikhúsið bundnar eins og húsið er þykir okkur sjálfsagt mál að varðveita húsið í upprunalegri gerð sem merkilegan fulltrúa meiriháttar bygginga frá því tímabili í menningarsögu Þjóðarinnar, sem það er góður fulltrúi fyrir. Að okkar dómi er þetta mikilvægt atriði m.a. vegna þess að við eigum sárafáar fallegar og vel hugsaðar byggingar frá fyrri tímum yfirleitt.


4) Jafnvel þótt fallist væri á, ef fyrir því væru sterk rök, öllum skiljanleg, að breyta áhorfendasal leikhússins fer því viðsfiærri, að sjálfgefið sé að ráðast í slíka framkvæmd nú kostnaðarins vegna.


5) Eftir er að ljúka Þjóðarbókhöfðunni, Þjóðminjasafnið er enn á hrakhólum, hvað húsnæði áhrærir og engin frambærileg aðstaða er fyrir tónlistina í landinu (og er þá alls ekki verið með Tónlistarhöll í huga). Tónlistina vantar skólahús, hana vantar, þótt ekki væri nema einn sal fyrir svo sem 3-4 hundruð tónleikagesti. Þessi örfáu dæmi um dýrar framkvæmdir á sviði menningarmála eru nefnd í flýti og af hreinu handa-hófi. Öruggulega má nefna mörg önnur veigamikil menningarmál, sem biða úrlausnar og sem kosta stórfé.

6) Fjármagnið, sem til þess þarf að breyta áhorfendasvæðum Þjóðleikhússins væri a.m.k. eins og nú stendur á, betur notað til þess að flýta öðrum menningarframkvæmdum, sem dregist hafa þjóðinni allri til vansa.

Við látum staðar numið og gerum okkur grein fyrir því, að ekki verður hlustað á tvo leikhúsgesti og velunnara Þjóðleikhússins. Samt sem áður mótmælum við breytingunum á áhorfendasvæðum Þjóðleikhússins, nema að fullsannað sé, þótt við höfum hvergi séð færð fyrir því frambærileg rök, að breytingar verði að gera af hreinum öryggisástæðum.

Með vinsemd og virðingu.


Anna S. Snorradóttir


Birgir Þórhallsson
Hofteigi 21,
105 Reykjavík.